

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ellert Haraldsson, skal sæta varðhaldi í 15 daga.

Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. september 1955.

Nr. 81/1955. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)

gegn

**Herði Ólafssyni** (Þórólfur Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómurarr Hæstaréttar.

Brot gegn bifreiðalögum. Svipting ökuleyfis.

#### Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu hefur ákærvaldið einungis skotið til Hæstaréttar að því er varðar ökuleyfissviptingu ákærða.

Svo sem greinir í héraðsdómi, hefur ákærði játað, að hann hafi neytt áfengis, er hann var að starfi sínu við akstur bifreiðarinnar M 245 frá Reykjavík til Borgarness hinn 9. október 1954. Er þetta einnig stutt með vætti vitna. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 ber því að svipta ákærða ökuleyfi, og þykir ökuleyfissviptingin hæfilega ákveðin 3 mánuðir.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

## Dómsorð :

Ákærði, Hörður Ólafsson, skal sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Þórólfs Ólafssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu**

**20. desember 1954.**

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Herði Ólafssyni, bifreiðarstjóra í Borgarnesi, með ákæruskjali, útgefnu 25. nóvember 1954, fyrir brot gegn 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt eftirtöldum ákærum og refsingum:

1948 6/10 Reykjavík. 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1950 2/8 Reykjavík. 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

Hinn 9. október þ. á. var löggæzlumaður Hörður Jóhannesson við löggæzlu á dansskemmtun á Brennistöðum. Er skemmtuninni lauk um kl. 2 um nóttina, fór löggæzlumaðurinn niður að Brautarholti og stöðvaði þar bifreiðar þær, er um veginn fóru. Þar á meðal stöðvaði hann bifreiðina M 245, er ákærði, Hörður Ólafsson, ók, og þar sem honum var eigi grunlaust um, að hann væri undir áhrifum áfengis, fór hann með hann til læknis í Borgarnesi, er tók sýnishorn af blóði hans. Eigi sá löggæzlumaðurinn á honum ölvunarmerki, en fann af honum áfengislykt.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að 9. október s.l. hafi hann ekið bifreiðinni M 245, er hann ekur fyrir Bifreiðastöð Kaupfélags Borgfirðinga í Borgarnesi, til Reykjavíkur og þaðan aftur til Borgarness. Segir hann, að á bakleiðinni hafi verið með honum einn farþegi. Stanzaði hann þá á Brennistöðum í Borgarhreppi, en þar var dansskemmtun haldin þetta kvöld, um klukkutíma, en ók svo áfram til Borgarness. Á leiðinni þangað stöðvaði löggæzlumaður bifreið hans og bar á hann, að hann hefði neytt áfengis. Kveðst hann hafa neitað því, að hann væri undir áhrifum áfengis, en viðurkennt, að hann hefði neytt áfengis um daginn.

Segist hann hafa haft með sér, er hann fór frá Reykjavík, á sítrónflösku gin, blandað til helminga með Coca-Cola, og hafa neytt þess á leiðinni.

Samkvæmt rannsókn Bjarna Konráðssonar læknis fundust í blóði ákærða reducerandi efni, er samsvara 0.83% af alkóhóli.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði játað, að hann hafi neytt áfengis við akstur bifreiðarinnar M 245 frá Reykjavík til Borgarness 9. október 1954.

Með atferli sínu hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1500 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

Með tilliti til þess, að ákærði, samkvæmt vottorði læknis, hefur verið berkla sjúklingur og þolir eigi að vinna almenna verkamannavinnu og að hann hefur fyrir konu og tveimur börnum að sjá, þykir eigi rétt að svipta hann bifreiðarstjóraréttindum samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

#### Dómsorð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, bifreiðarstjóri í Borgarnesi, greiði 1500.00 — eitt þúsund og fimm hundruð — króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 — fimmtán — daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Miðvikudaginn 28. september 1955.

Nr. 125/1954. **Huginn h/f** (Lárus Jóhannesson)

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Vilhjálmur Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa á hendur ríkissjóði um uppbætur á fiskverð.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn í máli þessu, hefur skotið því til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1954. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 215.531.42 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1949 til